

Stjórnarfundur 10.04.2024

Mættir: Eypór Gíslason, Steinunn Árnadóttir, Friðrika Ásmundsdóttir, Ólafur Axel Björnsson, Halldór Sigurkarlsson, Gunnar Halldórsson, Rósa Björk Jónsdóttir og Kristín Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins Sveinbjörn Eyjólfsson frá reiðveganefnd.

Fundur settur og stjórnaði Eypór honum.

Sveinbjörn tók til máls. Nefndin er að vinna í eldri málum, þ.e. þeir sem hafi fengið greitt fyrir verk fyrirfram vinni þau. Framlög til reiðvegamála um 2.500.000 samtals. Ýmsar tillögur um framkvæmdir. Þarf að lagfæra hér og þar gamla vegi. T.d. veginn í gegnum Kleppjárnsreyki og Logalandsflóann. Kom beiðni um reiðveg milli Skjálfta og Reykholtasafleggjara (ca 500 m). Ennþá óvíst með Brennistaðaleiðina. Aðeins borið á því að verið sé að loka reiðleiðum eða óskir um það. Nefndin mun vera dugleg að láta verktaka vinna reiðleiðirnar sem fara á í sem fyrst en láta ekki fara yfir á næsta ár.

Sveinbjörn yfirgaf fundinn.

Kótiletukvöldið og föstudagslanga reiðin tókust vel.

Unglingalandsmót verður haldið um verzlunarmannahelgina í Borgarnesi. Eypór fór á fund þar sem kom fram að UMFÍ sér um allann kostnað, dómara, verðlaun og annað. Hægt að sækja um fjármagn ef þarf að framkvæma fyrir mót.

Styttist í reiðhallarball. Búið að fá öll leyfi og taka húsið. Armböndin komin á pósthúsið. Hægt verður að kaupa miða í forsölu í Geirabakarí.

Kvennatöltinu var frestað/aflýst vegna veðurs og fárra skráninga. Einnig var óánægja með keppnisgreinar.

Aðalfundur Vindás verður í næstu viku.

Kristín sagði frá Sambandsþingi UMSB sem hún og Steinunn fóru á. Lágmarksaldur til tilnefningar til íþróttamanns Umsb var hækkaður í 16 ára úr 14. Breytingar á lottótekjum. Skipting lottótekna miðast nú við að 80% fer eftir fjölda iðkenda upp að 18 ára aldri.

Fundi slitið kl 20.50 og næsti fundur ákveðin 8. maí.